

Frá vörðingi Kvinnalistsans í Valsskála 28-29 júní, 1986

MÁLATILBÚNAÐUR Á ÞINGI NÆSTA VETUR.

KRISTÍN HALLDÓRSDÓTTIR ræddi um mál Kvinnalistsans á Alþingi. Minntist hún á fæðingarorlofið, mat heimilisstarfa til starfsreynslu og útvarpslagafrumvarpið. Kristín leggur til að stefnuskráin verði endurskoðuð af nefnd og að unnið verði að endurskoðun í vikunni 30.6 - 5.7. 1986.

LÁRA ELLINGSSÉN, Norðurlandi eystra sagði frá umræðum um mikilvægi þess að fá **háskóla til Akureyrar**. Einnig hefur verið rætt mikið um **jafnrétti milli landshluta** og spurði hún hvar Kvinnalistinn stæði gagnvart þeim Samtökum og hugmyndum þeirra (frumvarpi). Lára las upp bréf frá Fjóðungssambandi Norðlendinga um umsögn um frumvarp Samtakanna um stjórnarskrá fyrir lýðveldið Ísland (338 mál). **Lífeyrismál** hafa einnig verið til umræðu hjá norðankonum, og **sjóðakerfið** almennt.

Kristín Einarsdóttir taldi Háskóla á Akureyri ekki góðan kost. Lára telur að slíkt muni reynast framkvæmanlegt, a.m.k. nokkrar deildir, t.d. hjúkrunarbraut. Hrafnhildur Baldursdóttir telur Háskóla á Akureyri vera kvennréttindamál.

KRISTJANA SUGMUNSDÓTTIR, Suðurlandi benti á að **brú yfir Óseyrarnes** væri hagsmunamál Sunnlendinga, einnig **stækkun sjúkrahúss Suðurlands**. Á Selfossi er mjög slæmt ástand í **dagvistunarmálum**, þar er t.d. ekki neitt skóladaðheimili. Ríkið á að taka þátt í stofnkostnaði

dagvistarheimila og ætlar Selfoss að sækja um núna. Kristjana benti á að **fjarkennsla** væri mjög mikilvæg fyrir landsbyggðina og æskilegt væri að fá **lög um framhaldsskóla**. Kristjana talaði um ástand **atvinnumála** á Selfossi og sagði **útflutning á vikri** til blómaræktar góða hugmynd sem Selfyssingar gætu nýtt sér. Að lokum sagði Kristjana að ótækt væri að mismuna landshlutum í **orkumálum** eins og látið er viðgangast núna. Sagði hún að taxti hinna ýmsu landshluta væri mög mismunandi.

INGIBJÖRG DANÍELSDÓTTIR, Vesturlandi talaði fyrst um **landbúnaðarmálin**. Minntist hún á fulltr. um markaði og kvótann, þ.e. að kvótinn verði ekki skertur þar sem mjólkurleysi er. Einnig nefndi hún söluskatt fyrir bændur og sagði að bændur nyti ekki sömu fyrirgreiðslu og aðrir atvinnurekendur. Ingibjörg sagði að **sínamál** væru í ólestri og að síminn væri dýrari hjá sveitafólki en öðrum t.d. Reykvíkingum. Sagði hún að fjölga þyrfti stofnlínur og koma yrði á neyðarþjónustu (slysaneyðarþjónustu?) Benti hún á að samræma þyrfti taxta á öllu 93 svæðinu. **Vegamál**. Vegir eru í mjög slæmu ástandi á Vesturlandi. Ingibjörg sagði að það þyrfti að vinna betur að útboðsmálum. **Brunamál** eru í ólestri í sveitum og vantar fyrirbyggjandi aðgerðir. **Launamál**. Gera þarf nýtt starfsmat og fækka launaflokkum. **Sjúkratryggingamál** verði endurskoðuð t.d. þyrfti að styrkja fjölskyldur vegna glæraugnakaupa líkt og gert er vegna tannviðgerða barna. **Heilsugæslumál**. Krabbameinsskoðun verði hluti af almennri heilsugæslu. Sérstök **félagsleg aðstoð** þyrfti að vera við foreldra sem

eiga vanheil börn, og sjuklinga almennt. **Skólamál.** Lagt til að ríkið greiði laun fóstura í Heimavistarskólum og viðurkenni nauðsyn þessa að hafa fósturur í heimavistum.

HRAFNHILDUR BALDURSDÓTTIR, Reykjanesi benti á að Reykjaneskonur hefðu mikinn áhuga á að koma upp **markvissari næringarstefnu í landinu.** Einnig **nýja skólastefnu** m.a. með lengri viðveru barna í skólum. Þær mótmæla hugmyndum um styttingu grunnskólanáms og benda á nauðsyn þess að fá **nýja námsskrá í íþróttakennslu** þannig og að kennslan stuðli að heilsusamlegri uppbyggingu líkamans. Þær minna á mikilvægi þess að **endurmat verði á störfum kvenna** og að **endurskoðað verði rekstrarfyrirkomulag sjúkrahúsa.** Fyrir hvern eru sjúkrahúsin? Þær bentu á nauðsyn þess að fara í **atvinnumálin svo og lífeyris- og tryggingarmál, húsnæðis- umhverfis- og launamál.** Að lokum bentu þær á nauðsyn þess að þrýst verði á að **lögnum um aldraða verði framfylgt.**

GUÐRÚN HALLDÓRSDÓTTIR, Reykjavíkurlanga. Guðrún sagði að það þyrfti að endurflytja mörg Kvinnalístmál, t.d. málin um: **staðgreiðslu skatta, eflingu friðarfræðslu, byggingu leiguhúsnæðis, dagvistun, fæðingarorlofið, og almannatryggingarlögin.** Benti hún á nauðsyn þess að gera eitthvað í **barnaverndarmálum,** t.d. þurfi að endurskoða barnaverndarlögin. Sagði hún að einnig þyrfti að athuga **sjálfræðismál, eftirlit með greiðslu umboðslauna frá útlöndum, lífeyris- og tryggingamál, lágmarkslaunamál, húsnæðismál, landvernd- og umhverfismál, atvinnumál, styttingu vinnuviku, lengra orlof, eftirlaunamál, og að bónusinn þurfi að endurskoða.** Koma þyrfti á **lögum um starfsnám og**

nám ófaglærðra, ⁰⁹um fjarnám fyrir fullorðinsfræðslu.

Eitthvað þarf að gera í vanda fólks vegna misgengis launa-
og lánskjara, og koma þyrfti á valddreifingu í stjórnkerfi
landsins.